



16.11.2022

Forsvarsmenn Sorgarmiðstöð sækja hér með um rekstrarfé til fjárlaganefndar Alþingis fyrir árið 2023 til reksturs félagsins. Við sækjum hér með um 40.000.000 kr. á ár í rekstrarfé til næstu þriggja ára.

Sorgarmiðstöðin var stofnuð árið 2018, hóf formlega starfsemi í september 2019. Sorgarmiðstöðin eru regnhlífasamtök fjögurra annarra félaga sem starfað hafa á sviði sorgarúrvinnslu. Þrátt fyrir ungan starfsaldur Sorgarmiðstöðvar þá standa að henni einstaklingar og félög sem styðja fólk í sorg, með yfir 30 ára starfsreynslu. Má þá meðal annars nefna Nýja Dögun, en það félag hefur starfað á sviði sorgar og sorgarúrvinnslu síðan það var stofnað árið 1987. Starfsemi Sorgarmiðstöðvar byggir á þessari reynslu.

Sorgarmiðstöð er samfélagslegt nýsköpunarúrræði (e. Social Innovation Project) þar sem virkjuð er samfélagsleg meðvitund um mikilvægi sorgarúrvinnslu fyrir heilsu og vellíðan hvernar manneskju. Markmiðið er að samræma úrræði fyrir syrgjendur, efla samfélagsumræðu um dauðann og sorgina, stuðla að skilvirkari upplýsingagjöf og ráðgjöf til þeirra sem misst hafa ástvini, vera vettvangur þar sem syrgjandi getur leitað stuðnings og að gæta hagsmuna þeirra sem syrgja. Hluti starfs Sorgarmiðstöðvar felst í því að grípa inn í þegar sá sem syrgir telur sig einan á báti í harmi sínum og reynir að fara áfram á hnefanum. Starfið er ekki „meðferðarúrræði“ heldur byggir það á mannlegum samskiptum sem eru aðal- og lykilatriði í því að mæta fólki í sorg. Sorg er ekki sjúkdómur. Hins vegar getur orðið margþættur og jafnvel varanlegur heilsubrestur vegna sorgar, fái einstaklingur í þeirri stöðu ekki stuðning með fræðslu og/eða beinni aðhlyningu. Ómeðhöndluð sorg getur verið tærandi og valdið skerðingu á lífsgæðum og heilsu til frambúðar. Þekking okkar á áhrifum áfalla er sífellt að aukast og um leið þarf úrvinnsla sorgar að fá aukið vægi sem mikilvægt lýðheilsuáttál, án þess að verið sé að sjúkdómsvæða líðan fólks í sorg.

Þjónusta Sorgarmiðstöðvar er valkostur við þjónustu trú- og lífsskoðunarfélaga á sviði sorgarúrvinnslu, þar sem samvinna fagaðila um viðeigandi úrræði getur skipt sköpum. Það hefur lengi vantað miðstöð eins og þessa á Íslandi, miðstöð sem hlúir að syrgjendum og aðstandendum en er einnig í samstarfi við önnur sorgarfélög, heilbrigðiskerfið, lögreglu, sjúkra og slökkvilið sem og aðra sem koma að andláti og ástvinamissi. Markmiðið okkar er að geta veitt syrgjendum von, með því veita þeim von þá verðum við að geta tekið á móti öllum og hlúð að þeim. Við erum ávallt fagleg í öllu okkar starfi, hópastörfin byggja á Amerísku, þaulreyndu módeli. Einnig ber að nefna að á starfsárinu 2020-2022 var gerð rannsókn í samstarf við Háskóla Íslands/dr. Ástu Bjarneyju Pétursdóttur og Hrund Scheving Thorsteinsson sem kannar gagnsemi þátttöku í stuðninghópastarfi. Rannsóknin heitir: Ávinningur af þátttöku í stuðningshópum tengt viðbrögðum við missi og andlegri líðan syrgjenda. Rannsókn þessi og niðurstöður hennar eru mikil gullnáma fyrir áframhaldandi faglegt starf í stuðningshópastarfinu okkar. Starfsmenn Sorgarmiðstöðvar hafa nú unnið hörðum höndum að nýta niðurstöður og áframhaldandi lærdóm af því efni sem ávannst við þessa rannsókn.

Með hækkandi lífaldri þjóðarinnar mun eftirspurn eftir líknandi- og lífslokameðferð aukast. Nú þegar hefur Sorgarmiðstöð brugðist við ósk líknardeildar Landspítala um fræðslu fyrir þau sem hafa „nýlega misst“. Fræðslan er ókeypis og í boði á 3-5 vikna fresti í Sorgarmiðstöð. Sorgarmiðstöðin er í samstarfi við fleiri stofnanir og félög, má þar nefna Ráðgjafþjónustu Krabbameinsfélagsins, Píeta, Birtu, Kvinnadeild Landspítalans, Ljósið, Samhygd á Akureyri, Góðvild, lögreglu og Sálgæsluteymi spítalans.



16.11.2022

Sorgarmiðstöð kemur að öllum þeim helstu og mikilvægustu verkefnum samfélagsins sem snúa að sorg og ástvinamissi. Meðal þeirra verkefna er vinna við að bæta stuðning við erlenda syrgjendur, m.a. með því að þýða heimasíðuna okkar, vera með erindið nýlega misst á ensku og bæklinga á nokkrum tungumálum. Bæta stuðning við einstaklinga sem búa á landsbyggðinni og íslendinga sem búa erlendis. Við erum að vinna lokadrög að bæklingi fyrir lögreglu, slökkvilið og sjúkraflutningamenn sem eru fyrstir á vettvang. Þessi bæklingur er mikilvægur í flórunni fyrir þá sem eru fyrstir á vettvang til þess að geta skilið eftir upplýsingar fyrir aðstandendur á þessum erfiðu tímum. Okkar al-stærsta verkefni er í vinnslu, Hjálp48. Við bindum miklar vonir að innleiðing geti hafist af fullum krafti í loka þessa árs og að verkefni fái að líta dagsinsljós á haust mánuðum ársins 2023.

Á þessum árum sem Sorgarmiðstöðin hefur starfað höfum við stutt yfir þúsund syrgjendur árlega. Þetta eru þá um sexþúsund einstaklingar á árunum 2019 - 2022 sem hafa fengið stuðning frá Sorgarmiðstöðinni á sínum erfiðasta tíma á lífsleiðinni. Við höfum veitt stuðning til einstaklinga eftir áföll, aðstoð sem hefur aukið líkurnar þeirra á góðum lífsgæðum þrátt fyrir áfallið og sáran missi. Á sama tíma erum við að styðja samfélagið og styrkja íbúa þess að læra lifa með sorginni.

Við leggjum mikið upp úr fagmennsku í öllum okkar verkefnum og þjónustu. Starfsfólk Sorgarmiðstöðvar fylgir eftir árangri verkefnisins og upplifun einstaklinganna. Allt okkar efni er mælanlegt, sem og árangur þjónustunnar. Við teljum að sú mikla ásókn sem hefur verið frá opnum Sorgarmiðstöðvar sé okkar helsta mælistika, því mikilvægt að starfsemi ná að stækka í takt við þarfir samfélagsins um stuðning.

Við höfum farið vel yfir það hér hvers vegna Sorgarmiðstöðinni er vel að þessum rekstrarstyrk komin og hvaða verkefni það eru sem við sinnum og teljast undir málefnasvið félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Ef skoðað er rekstraráætlun Sorgarmiðstöðvar til næstu tveggja ára þá vegur kostnaðurinn við laun og launatengdgiöld lang þyngst fyrir samtökin. Starfsemi Sorgarmiðstöðin á sviðið sorgar og sorgarúrvinnslu sem er mjög viðkvæmur starfsvettvangur, starfsvettvangur þar sem er mikilvægt að vera með stöðugleika og ekki mikla starfsmannaveltu. Að hjá samtökunum séu einstaklingar með reynslu og fagmenntun á þessu sviði. Við reynum hvað við getum að halda launakostnaði í lámarki en erum að sjálfsögðu að keppa við markaðinn sem getur boðið meiri stöðugleika og tryggari starfsvettvang. Starfsmenn okkar hafa hingað til gefið mikið af vinnu sinni, teljast má til að um 20-50% af vinnuframlagi þeirra mánaðarlega sé sjálfboðavinna.

Hægt er að skoða frekari útfærslu og uppsetningu á starfsemi okkar á kostnaðaráætlun rekstrar – og grunnþjónustu Sorgarmiðstöðvar árin 2023. Skjalið fylgir með þessari umsókn.

Með vinsemd og virðingi, fyrir hönd Sorgarmiðstöðina

Karólína Helga Símonardóttir

Formaður Sorgarmiðstöðvar

s. 8677972

formadur@sorgarmidstod.is



16.11.2022

Kostnaðaráætlun rekstur og grunnþjónustu Sorgarmiðstöðvar árið 2023

Fjöldi + gjald	REKSTRARKOSTNAÐUR ÁRIN 2023-2024	Kostnaður
12 mánuðir, 2.550.000 á mánuði samanlagt allra starfsmanna	Laun og launatengd gjöld þriggja starfsmanna í fullu starfi. Viðmið frá launareiknivél VR	30.600.000 kr
12 mánuðir, 1.200.000 kr á mánuði samanlagt allra ráðgjafa	Ráðgjafþjónusta - sérðhæfð staða fagmenntaðra einstaklinga í hlutastarfi. Viðmið frá launareiknivél VR	14.400.000 kr
12 mánuðir 180.000	Húsaleiga - rekstrarkostnaður vegna húsaleigu*	2.160.000 kr
12 mánuðir, 55.000 á mánuði	Bókari og endurskoðandi	660.000 kr
12 mánuðir, 1.200.000 á mánuði	Verkefnastjórnun Hjálp48. Viðmið frá launareiknivél VR	15.600.000 kr
	Kostnaður vegna viðburða, eins og ráðstefnu og funda	450.000 kr
	Ýmis þjónustugjöld og annað, ófyrirséð**	4.000.000 kr
	Alls	67.870.000 kr

Fjöldi + gjald	ÁÆTL. GRUNNÞJÓNUSTA ÁRIN 2023-2024	Kostnaður
Áætlað 86 hópastörf næsta árs. Greitt 30.000 fyrir skiptir	Ýmis kostnaður vegna stuðningshópa. Foreldramissir, Barnsmissir, Missa ástvin í Sjálfsvigi, Námskeið fyrir börn, Námskeið fyrir foreldra sem styðja börn í sorg, systkinamissir, missir á meðgöngu, makamissir, Makamissir 60 ára og eldri, missir vegna fíknar, ömmur og afar, gömul og uppperð, fráfall fyrrum maka og börn í sorg, önnur námskeið	7.740.000
18 x á ári, 100.000 þús hvert	Fræðsla fyrir fólk sem nýlega hefur misst. Einn leiðbeinandi í verktöku og einn starfsmaður. Haldið að jafnaði á 3-5 vikna fresti í tvö ár **	1.800.000
Áætlað 8 fræðsluerindi á ári	Fræðsluerindi/Námskeið - Sorg barna. 4x á ári námskeið fyrir foreldra/forráðamenn. 4x á ári opið fræðsluerindi fyrir alla. Einn leiðbeinandi í verktöku og einn starfsmaður	800.000
Áætlað 7 fræðsluerindi næsta ári, 70þús hvert tímabundið, skv. verkefnaáætlun	Fræðsluerindi – tengt mismunandi missi. Haldið að jafnaði á 5 vikna fresti í tvö ár	490.000
	Innleiðing á verkefninu Hjálp48	7.100.000
	Alls	10.830.000 kr

Alls kostnaður við rekstur verkefna og grunnþjónustu Sorgarmiðstöðvar í tvö ár 78.700.000 kr

ÁÆTLAÐAR TEKIUR ÁRIN 2023	
Aðrir styrkir, styrkir einstaklinga og fyrirtækja	15.000.000 kr
Verkefnastykir frá ríkinu***	20.000.000 kr
Bala á varningi, áætlun miðað við næstu 24 mánuði	1.000.000 kr
Alls	36.000.000 kr
Styrkir sem hafa verið sóttir um, áætlun frá okkur. En ekkert velyrði komið.	
Rekstrarstyrkur frá félags- og vinnumarkaðsráðherra	50.000.000 kr
Verkefnastykur frá félags- og vinnumarkaðsráðherra	10.000.000 kr
Verkefnastykur frá félags- og vinnumarkaðsráðherra vegna Hjálp48 verkefnisins	6.000.000 kr
Verkefnastykur frá Heilbrigðisráðuneytinu vegna stuðnings við syrgjendur á landsbyggð	1.500.000 kr
Verkefnastykur frá Heilbrigðisráðuneytinu vegna stuðnings við erlenda syrgjendur	850.000 kr

* Hafnarfjarðarbær styrkir Sorgarmiðstöð um húsnæðið sem starsemin er í dag gegn því að Sorgarmiðstöð greiði allan rekstrarkostnað tengdu leigunni. Samningurinn er eingöngu gerður til eins árs í senn.

**Komið á fót að beiðni líknardeildar Landspítala. Áætlað syrgjendum á fyrstu mánuðum eftir dauða ástvinar þeirra. Er líka fyrir þau sem missa skyndilega og utan sjúkrahúsa, en þann hóp hefur skort stuðning hingað til.

*** Ýmis rekstrarkostnaður eins og búnaður, leiga á búnaði, aðgangur að interneti, þjónustugjöld, auglýsingar, rekstur á heimasíðu, prentun og fl.